

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. desember 2012
Tilvísun: 2011110028/10.5
Verknúmer: 4123041

Efni: Ákvörðun um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu fyrir tímabilið 2006-2009

Landsnet hf. kærði ákvörðun Orkustofnunar frá 14. mars 2012 um tekjumörk fyrir tímabilið 2006-2009. Úrskurðarnefnd felldi úrskurð þann 8. október 2012 um að ákvörðun Orkustofnunar skyldi felld úr gildi.

Ákvarðanir Orkustofnunar eru kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála sem er æðra stjórnvald. Orkustofnun telur ekki skýrt með sama hætti og í 3. mgr. 13. gr. laga um póst- og fjarskiptastofnun, að Orkustofnun geti boríð ákvarðanir úrskurðarnefndar undir dómstóla þó hún sé efnislega ósammála þeim. Orkustofnun mun ekki láta reyna á hvort mögulegt sé að bera ákvörðun úrskurðarnefndarinnar undir dómstóla og hefur ákveðið að breyta ákvörðun sinni í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála.

Í úrskurði nefndarinnar kemur skýrt fram að nefndin telji að ekki hafi verið farið að lögum þegar ákveðið var að setja 0% hagræðingarkröfu á tekjumörk vegna flutnings til dreifiveitna fyrir tímabilið og sleppa þar með samsvarandi hækkun leyfðrar arðsemi í þrepum. Hins vegar hefur nefndin ekki hnekkt rökstuðningi Orkustofnunar sem byggir á að bráðabirgðaákvæði IX, sem kom inn með breytingarlögum nr. 89/2004, um arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna, um að þar standi ótvíráett að hækkun arðsemisviðmiðunar skuli ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.

Bráðabirgðaákvæði IX. arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna:

Við setningu tekjuramma flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til sex ára eða sambærilegra verðbréfa. Sama á við um tekjumörk dreifiveitna. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. Þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.

Orkustofnun ákvað á sínum tíma að hækka ekki leyfða arðsemi fyrr en í lok tímabilsins, fyrir tímabilið 2006-2009, og þá var það gert í einu skrefi upp í þá ávöxtun sem á kveður í bráðabirgðaákvæðinu. Í staðin setti Orkustofnun 0 % hagræðingarkröfu. Landsnet hf. vildi fá leyfða arðsemi stigvaxandi á tímabilinu en ekki í einu skrefi í lokin eins og Orkustofnun ákvað. Málið hefur í þrígang farið fyrir úrskurðarnefnd raforkumála. Nefndin hefur ekki fallist á kröfur Landsnets hf. að fullu né málsmeðferð og útskýringar Orkustofnunar.

Úrskurðarnefnd raforkumála hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrrgreint bráðabirgðaákvæði feli í sér að leyfð arðsemi sérleyfisfyrirtækisins eigi að hækka að nokkru á tímabilinu. Hins vegar hefur nefndin ekki fallist á kröfur Landsnets hf. um hækkun í þrepum samkvæmt þeim útfærslum sem Landsnet hf. hefur sett fram í sínum kærum. Í fyrsta



kærumálinu var kærunni vísað frá, í öðru málinu nr. 1/2011 var kröfu Landsnet hafnað um að arðsemisviðmiðið hækkaði og aðilum gert að semja um niðurstöðu málsins. Svo þegar það tókst ekki var ákvörðun Orkustofnunar um að halda sig við fyrri skilning kærð og gerð sambærileg krafa um hækkun í þrepum en með öðrum hlutföllum en áður, þ.e. kærumál 1/2012. Í því máli var kröfu Landsnets hf. hafnað en ákvarðanir Orkustofnunar felldar úr gildi og stofnuninni gert að setja afturvirkt hagræðingarkröfu fyrir 2006-2009 ásamt því að ákvarða að nýju leyfða arðsemi fyrir tímabilið. Því telur úrskurðarnefndin að Orkustofnun hafi borið að setja hagræðingarkröfu og hækka arðsemi að nokkru án þess að tilgreina hversu mikið eða forsendur fyrir hækkuninni. Komið hefur fram í úrskurði frá úrskurðarnefnd raforkumála að í bráðabirgðaákvæðinu felist ákveðin mótsögn (bls. 15. úrskurður 1/2011) það er að hækkaðri arðsemi ætti að mæta með hagræðingarkröfu. Þannig er Orkustofnun ekki falið að ákvarða að eingöngu leyfða arðsemi heldur einnig hagræðingarkröfu fyrir árin 2006-2009.

Krafa Landsnets hf. um stighækkandi leyfða arðsemi getur aldrei komið til án þess að hagræðingarkrafa sé sett á móti. Annars væri klárlega verið að brjóta gegn bráðabirgðaákvæði IX. sem átti að hvetja til hagræðingar og úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2012.

Af framangreindu leiðir að Orkustofnun er nú í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2012 að ákvarða leyfða arðsemi og setja hagræðingarkröfur fyrir tímabilið 2006-2009.

Ákvörðun Orkustofnunar um breytingar á fyrri ákvörðun er svofelld:

Sett er 1 % hagræðingarkrafa á tekjumörk flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna árin 2006-2009 sem lækkar tekjumörk Landsnets hf. um 25.819 þús. kr. 2006, -26.742 þús. kr. 2007, 27.453 þús. kr. 2008 og 28.997 þús. kr. 2009. Leyfð arðsemi Landsnets hf. vegna flutnings raforku til dreifiveitna árin 2006-2009 er hækkuð úr 50% fyrir öll árin, í 50,16% árið 2006, 51% árið 2007, 52% árið 2008 og 54% árið 2009.

Virðingarfyllst,



Ólafur Egill Jónsson
lögfræðingur

Guðni A Jóhannesson
Orkumálastjóri

Landsnet hf.
 Þórður Guðmundsson
 forstjóri
 Gylfaflót 9
 112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. desember 2012
 Tilvísun: 2011110028/10.5
 Verknúmer: 4123041

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets 2006

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála er nú ákvörðuð á ný tekjumörk fyrir árið 2006, en úrskurðarnefndin felldi úr gildi fyrri ákvarðanir Orkustofnunar og fól stofnuninni að taka nýjar ákvarðanir í staðinn. Í úrskurðinum kemur fram að Orkustofnun skuli setja leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu með öðrum hætti en áður var gert. Sjá bréf Orkustofnunar 2011110028/10.5, dagsett 20. des. 2012.

Tekjumörk ársins 2006 voru sem hér segir í þús. kr.:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Kerfisþjónusta og orkutöp			910.030
Póknun kerfisþjónustu			
Samtals kerfisþjónusta			910.030
Rekstrarkostnaður	1.051.084	639.679	1.690.763
Rekstarkostnaður viðbót	2.484	51.179	53.663
Afskriftir	882.830	667.733	1.550.564
Arður	645.529	1.430.019	2.075.548
Hagræðingarkrafa 1%	-25.819		-25.819
Samtals flutningur	2.556.107	2.788.611	5.344.719

Tekjur ársins voru:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Orkutöp	194.378	406.303	600.682
Kerfisþjónusta	105.324	211.062	316.386
Jöfnunarorka	5.463	0	5.463
Samtals kerfisþjónusta	305.165	617.365	922.530
Innmötun	301.394	640.462	941.856
Útmötun	2.307.975	1.392.364	3.700.339
Hagnaður/tap af sölu eigna	451.926	203.039	654.966
Aðrar tekjur	119.682	72.838	192.520
Samtals flutningur	3.180.978	2.308.703	5.489.680

Tekjur Landsnets umfram tekjumörk á árinu 2006 voru því kr. 624.870 þús. kr. vegna dreifiveitna og 12.500 þús. kr. vegna kerfisþjónustu. Vanteknar tekjur Landsets vegna stórnottenda voru kr. 479.908 þús. kr. Samtals voru tekjur Landsnets umfram tekjumörk því 157.462 þús. kr.

Stjórnvaldsákvárdanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, og varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrtækis sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 30. gr. laganna. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,


Auður Nanna Baldvinsdóttir
sérfræðingur


Ólafur Egill Jónsson
lögfræðingur

Landsnet hf.
 Þórður Guðmundsson
 forstjóri
 Gylfaflót 9
 112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. desember 2012
 Tilvísun: 2011110028/10.5
 Verknúmer: 4123041

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets 2007

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála er nú ákvörðuð á ný tekjumörk fyrir árið 2007, en úrskurðarnefndin felldi úr gildi fyrri ákvarðanir Orkustofnunar og fól stofnuninni að taka nýjar ákvarðanir í staðinn. Í úrskurðinum kemur fram að Orkustofnun skuli setja leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu með öðrum hætti en áður var gert. Sjá bréf Orkustofnunar 2011110028/10.5, dagsett 20. des. 2012.

Tekjumörk ársins voru sem hér segir í þús. kr.:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Kerfisþjónusta og orkutöp			1.313.717
Póknun kerfisþjónustu			
Samtals kerfisþjónusta			1.313.717
Rekstrarkostnaður	941.786	849.943	1.791.730
Rekstarkostnaður viðbót	52.258	47.162	99.420
Afskriftir	939.454	802.853	1.742.307
Arður	740.663	1.930.116	2.670.779
Hagræðingarkrafa 1%	-26.742		-26.742
Samtals flutningur	2.647.420	3.630.075	6.277.495

Tekjur ársins voru:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Orkutöp	257.060	700.816	957.877
Kerfisþjónusta	99.010	248.701	347.711
Jöfnunarorka	8.347		8.347
Samtals kerfisþjónusta	364.418	949.517	1.313.935
Innmötun	225.783	601.173	826.956
Útmötun	2.714.944	2.005.199	4.720.142
Aðrar tekjur	53.706	48.469	102.175
Samtals flutningur	2.994.433	2.654.841	5.649.273

Tekjur Landsnets umfram tekjumörk á árinu 2007 voru því kr. 347.013 þús. vegna dreifiveitna og 218 þús. kr. vegna kerfisþjónustu. Vanteknar tekjur Landsets vegna stórnötenda voru kr. 975.234 þús. kr. Vanteknar tekjur ársins eru því samtals 628.003 þús. kr.

Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, og varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 30. gr. laganna. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,


Auður Nanna Baldvinsdóttir
sérfræðingur


Ólafur Egill Jónsson
lögfræðingur

Landsnet hf.
 Þórður Guðmundsson
 forstjóri
 Gylfaflöt 9
 112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. desember 2012
 Tilvísun: 2011110028/10.5
 Verknúmer: 4123041

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets 2008

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála er nú ákvörðuð á ný tekjumörk fyrir árið 2008, en úrskurðarnefndin felldi úr gildi fyrri ákvarðanir Orkustofnunar og fól stofnuninni að taka nýjar ákvarðanir í staðinn. Í úrskurðinum kemur fram að Orkustofnun skuli setja leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu með öðrum hætti en áður var gert. Sjá bréf Orkustofnunar 2011110028/10.5, dagsett 20. des. 2012.

Tekjumörk ársins voru sem hér segir í þús. kr.:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Kerfisþjónusta og orkutöp			1.550.607
Þóknun kerfisþjónustu			
Samtals kerfisþjónusta			1.550.607
Rekstrarkostnaður	925.392	1.088.913	2.014.305
Rekstarkostnaður viðbót	112.989	130.084	243.072
Afskriftir	892.238	1.362.226	2.254.464
Arður	814.651	3.344.242	4.158.893
Hagræðingarkrafa 1%	-27.453		-27.453
Samtals flutningur	2.717.817	5.925.465	8.643.282

Tekjur ársins voru:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Orkutöp	248.703	992.922	1.241.625
Kerfisþjónusta	79.987	321.459	401.445
Jöfnunarorka	15.198		15.198
Samtals kerfisþjónusta	343.887	1.314.381	1.658.268
Innmötun	14.531	58.230	72.760
Útmötun	2.981.495	6.008.869	8.990.365
Aðrar tekjur	60.329	70.989	131.318
Samtals flutningur	3.056.355	6.138.089	9.194.443

Tekjur Landsnets umfram tekjumörk á árinu 2008 voru því kr. 338.538 þús. vegna dreifiveitna og 212.624 þús. kr. vegna stórnötenda. Ofteknar tekjur Landsets vegna kerfisþjónustu voru kr. 107.661 þús. kr. Ofteknar tekjur ársins eru því samtals 658.823 þús. kr.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, og varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 30. gr. laganna. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,


Auður Nanna Baldvinsdóttir
sérfræðingur


Ólafur Egill Jónsson
lögfræðingur

Landsnet hf.
 Þórður Guðmundsson
 forstjóri
 Gylfaflöt 9
 112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. desember 2012
 Tilvísun: 2011110028/10.5
 Verknúmer: 4123041

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets 2009

Í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar raforkumála er nú ákvörðuð á ný tekjumörk fyrir árið 2009, en úrskurðarnefndin felldi úr gildi fyrri ákvarðanir Orkustofnunar og fól stofnuninni að taka nýjar ákvarðanir í staðinn. Í úrskurðinum kemur fram að Orkustofnun skuli setja leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu með öðrum hætti en áður var gert. Sjá bréf Orkustofnunar 2011110028/10.5, dagsett 20. des. 2012.

Tekjumörk ársins voru sem hér segir í þús. kr.:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Kerfisþjónusta og orkutöp			1.626.571
Þóknun kerfisþjónustu			
Samtals kerfisþjónusta			1.626.571
Rekstrarkostnaður	1.021.902	1.233.962	2.255.864
Rekstarkostnaður viðbót	133.403	155.958	289.362
Afskniftir	919.552	1.567.735	2.487.287
Arður	824.810	3.212.507	4.037.317
Hagræðingarkrafa	-28.997	0	-28.997
Samtals flutningur	2.870.670	6.170.163	9.040.834

Tekjur ársins voru:

	Almennt	Stórnottendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Orkutöp	244.669	1.051.027	1.295.696
Kerfisþjónusta	76.111	330.146	406.256
Þóknun kerfisþjónustu	-5.691		-5.691
Samtals kerfisþjónusta	315.088	1.381.173	1.696.261
Innmötun	15.148	62.535	77.683
Útmötun	3.042.710	8.395.677	11.438.387
Aðrar tekjur	37.170	44.883	82.053
Samtals flutningur	3.095.028	8.503.095	11.598.123

Tekjur Landsnets umfram tekjumörk á árinu 2009 voru því kr. 224.358 þús. vegna dreifiveitna og 2.332.932 þús. kr. vegna stórnötenda. Ofteknar tekjur Landsets vegna kerfisþjónustu voru kr. 69.690 þús. kr. Ofteknar tekjur ársins eru því samtals 2.626.979 þús. kr.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, og varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 30. gr. laganna. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,



Auður Nanna Baldvinsdóttir
sérfræðingur



Ólafur Egill Jónsson
lögfræðingur